

23.febrúar 2011

Niðurstaða athugunar á fjárfestingum hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum

Framkvæmd var athugun á fjárfestingum Sameinaða lífeyrissjóðsins með heimsókn og gagnaöflun dagana 10.-12. nóvember 2010 með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í kjölfar athugunarinnar rituðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinnna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent sjóðnum þann 5. janúar 2011 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sjóðsins og frekari upplýsingum á framfæri fyrir 26. janúar. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar þann 11. febrúar 2011, var tekið tillit til sjónarmiða sjóðsins eftir því sem tilefni þótti til. Fjármálaeftirlitið óskar eftir því við stjórn lífeyrissjóðsins að hún feli innri eftirlitsaðila að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram koma í þessari skýrslu. Greinagerð innra eftirlits verði send Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30. apríl 2011.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Gagnsæisstefnan er nánar útfærð á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi sjóðsins voru eftirfarandi:

Fjárfestingastefna 2010

Gerðar voru athugasemdir við fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2010 þar sem hún uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignasparnaðar.

Fylgiskjal I var óútfyllt og þannig sent til Fjármálaeftirlitsins með fjárfestingastefnunni, átti þetta bæði við um samtryggingu- og séreignadeildir.

Verkferlar og reglur

Fjármálaeftirlitið taldi að ekki væru til staðar fullnægjandi reglur og verkferlar um fjárfestingar sjóðsins. Þær verklagsreglur sem bárust Fjármálaeftirlitinu vörðuðust helst innheimtuferli en ljóst var að ekki voru til fullnægjandi reglur er lutu að fjárfestingaákvörðunum. Þá kom fram við athugun eftirlitsins að ekki væru til skýrar reglur um upplýsingagjöf til stjórnar.

Ekki hefur farið fram skráning á viðskiptum starfsmanna og stjórnarmanna með fjármálagerninga. Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar hafa því ekki fylgst reglulega með upplýsingum um verðbréfavíðskipti starfsmanna.

Ekki voru til skýrar verklagsreglur fyrir framkvæmdastjórnina að vinna eftir né reglur fyrir forstöðumann eignastýringar.

Ekki hafa verið skráðar reglur um skilyrði stjórnar sem eignastýringaraðilar þurfa að uppfylla til að fara með fjármuni sjóðsins.

Innsend skýrsla til Fjármálaeftirlitsins um sundurliðun fjárfestinga samtryggingadeildar

Fjármálaeftirlitið gerði nokkrar athugasemdir við útfyllingu innsendrar skýrslu m.v. 30. júní 2010, og voru þær helstu eftirfarandi:

- Fjárfestingar voru ranglega færðar í skýrsluna m.t.t. fjárhæða og að ekki var tæmandi listi yfir fjárfestingar varðandi óskráðar fjárfestingar.
- Fjárfestingar voru ranglega flokkaðar í skýrslunni varðandi flokkun útgefenda.
- Fjárfesting var ranglega flokkuð m.t.t. þess hvort um væri að ræða hlutdeildarskírteini og hluti skv. lögum nr. 30/2003 eða hlutdeildarskírteini og hluti í öðrum sjóðum.
- Notkun ákveðinnar afleiðu samræmdist ekki 10. tl. 36. gr. laga nr. 129/1997 að mati Fjármálaeftirlitsins þar sem hún var ekki til þess fallinn að draga úr áhættu sjóðsins.

Aðrar fjárfestingar

Fjárfest hefur verið í óskráðum fjármálagerningum þar sem frjálst framsal er ekki til staðar. Einnig virtist ekki nægjanlega vel kannað, áður en fjárfest er í óskráðum félögum, hvort hömlur séu á framsali hlutabréfa

Fjárfestingar í voru ranglega flokkaðar sem skráðir fjármálagerningar.

Fjármálaeftirlitið taldi að fjárfesting í Eignarhaldsfélagi Sameinaða lífeyrissjóðsins fullnægði ekki að öllu leyti skilyrðum fyrir fjárfestingu í félagi sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn.

Ekki hefur farið fram endurmat á verðmæti eigna sjóðsins í tveimur fagfjárfestastjóðum.

Innsend skýrsla til Fjármálaeftirlitsins um sundurliðun fjárfestinga séreignadeildar

Fjármálaeftirlitið gerði nokkrar athugasemdir við útfyllingu innsendrar skýrslu m.v. 30. júní 2010, og voru þær helstu eftirfarandi:

- Verðmæti hlutdeildarskírteina var ranglega skráð í skýrslunni vegna Aldursleiða I og II.
- Samtala fjárhæða stemmdu ekki í ákveðnum töluliðum skýrslunnar í Aldursleið I
- Fjárfesting í veðskuldabréfi var utan lagaheimilda og ákvörðun um fjárfestinguna ekki bókuð í fundargerð framkvæmdastjórnar.

Samningar um viðbótarlífeyrissparnað

- Samningar sjóðsins um viðbótarlífeyrissparnað hafa ekki verið uppfærðir til samræmis við breytingar á lögum um lífeyrissparnað.
- Samningar, og reglur um viðbótarlífeyrissparnað hafa ekki verið sendir til samþykktar til Fjármálaráðuneytisins samkvæmt 10. gr. laga nr. 129/1997.

Fjármálaeftirlitið mun svo í framhaldinu birta gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni eftir að innri endurskoðandi sjóðsins hefur sent skýrslu yfir þær úrbætur sem sjóðurinn hefur framkvæmt.